

**REGLUGERÐ**

**um hækkun fjárhæða (frítækjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

## 1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1987:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar . . . . .	kr. 94 800,00
Hjón . . . . .	kr. 132 700,00

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júní 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

**um umferð í Neskaupstað.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Neskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Neskaupstað:

1. Stöðvunarskylda er við gatnamót Hóls götu og Melagötu.
2. Umferð um Naustahvamm nýtur forgangsréttar fyrir umferð af vegi að hesthúsi og sorpþró.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar við húsið Ásgarð nr. 5.
4. Gangbraut er á Melagötu austan við gatnamót Hóls götu.

*Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 24. júní 1987.*

**Sverrir Einarsson,**

settur.